



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Listdansnám á framhaldsskólastigi

Vettvangur fyrir listdansnám á framhaldsskólastigi í
Verkmenntaskólanum á Akureyri

Ingunn Elísabet Hreinsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed. prófs í kennarafræði

Kennaradeild

Ágúst 2017

Ingunn Elísabet Hreinsdóttir

Lokaverkefni til 180 eininga
B.Ed. prófs
í kennarafræði

Leiðbeinandi
Margrét Elísabet Ólafsdóttir

Kennaradeild/-braut
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, 25. ágúst 2017

Yfirlýsingar

„Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna“.

Ingunn Elísabet Hreinsdóttir

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed – prófs við hug- og félagsvísindasvið“.

Margrét Elísabet Ólafsdóttir

Útdráttur

Þeir listdanskólar sem bjóða upp á nám á framhaldsstigi í listdansi, eru allir staðsettir á höfuðborgarsvæðinu eða á Reykjanesi. Möguleikar nemenda á framhaldsskólaaldri til náms í listdansi eru því háðir búsetu. Í þessari ritgerð er skoðað hvort hægt væri að bjóða upp á það á landsbyggðinni. Skoðað er hvernig nám í listdansi ætti að vera og hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til þess að mögulegt væri að listdansnám geti farið fram á framhaldsstigi á Akureyri. Starfið í Listdanskóla Íslands er skoðað sem fyrirmynd að námi í listdansi á framhaldsstigi. Listdanskólinn er brautryðjandi í listdansi á Íslandi.

Í ljós kom að ef stöðugur áhugi væri fyrir hendi hjá nemendum myndi Verkmenntaskólinn á Akureyri vilja skoða að opna sviðslistabraut, sem gæti boðið upp á listdansnám en að það krefðist mikils undirbúnings og kynningar. Huga þyrfti að rekstri og samstarfi milli ýmissa menningarhúsa á svæðinu. Tveir djassdanskólar sem starfræktir eru á Akureyri þyrftu að uppfylla viðmið tónlistarskóla skv. fyrstu grein laga nr. 75/1985 því formlegt viðmið fyrir skilgreiningu á listdanskóla hefur enn ekki verið gefið út. Með því að uppfylla þessi skilyrði gætu þeir tekið að sér kennslu listdans á framhaldsstigi. Réttur nemenda til náms í listum og þar með listdansi er ótvíræður og möguleikinn á að bjóða upp á nám í listdansi á framhaldsstigi í heimabyggð á Akureyri er til staðar.

Lykilorð: Listdans, listmenntun, listnám á framhaldsstigi, dansskólar, nám í heimabyggð.

Abstract

The Art schools of Dance that offer advanced education in art dance are all located in the capital area or in Reykjanes. Possibilities for students in postgraduate education in dance are therefore subject to residence. This essay examines whether the art school of dance can be offered in the countryside. An overview of how artistic education should be and what measures should be taken to enable artistic education to take place at postgraduate level in Akureyri. The work in the Listdansskóli Íslands is viewed as a model for education in dance at the postgraduate level. The school is a pioneer in dance in Iceland.

It was shown that if there were a continuous interest in a postgraduate education in dance on the student's behalf, Verkmenntaskólinn á Akureyri, would consider the possibility to opening a postgraduate education in dance. It requires a lot of preparation and presentation. A need of cooperation between various cultural centers in the area. The two jazz dance schools operating in Akureyri would need to comply the frame of reference of the music school according to the first act of Act No. 75/1985, because the frame of reference for the definition of art school of dance have not been issued, so they could offer teaching in dance in postgraduate education. The right of students to study art and artistic dance is unambiguous and the possibility to offer advanced art education in Akureyri is available.

Keyword: dance, art education, postgraduate art education, dance schools, study in homestead.

Efnisyfirlit

Útdráttur	iv
Abstract	v
1 Inngangur	1
2 Sköpun og listir	3
2.1 Dans sem list.....	4
2.2 Dans sem menntunarleið	5
2.3 Gildi listdanskennslu	6
2.4 Saga listdanskennslu á Íslandi	7
3 Danskennsla á Íslandi í dag.....	9
3.1 Leik- og grunnskólar	9
3.2 Dansstúdíó	10
3.3 Háskóli.....	10
3.4 Listdanskólar	11
3.4.1 Listdanskóli Íslands	12
3.4.2 Samstarf listdanskóla og framhaldsskóla.....	16
4 Danskennsla á Akureyri	17
4.1 Hólmasól.....	17
4.2 Naustaskóli	18
4.3 Steps Dancecenter.....	19
4.4 Leik- og Dansstúdíó Alice	19
4.5 Möguleikar á listdansnámi á framhaldsstigi á Akureyri.....	20
4.6 Hvað vantar upp á svo að dansskólarnir geti kallast listdanskólar?.....	22
4.7 Hvernig gæti þetta verið?	23
5 Lokaorð	25
Heimildaskrá	27

1 Inngangur

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO, 2006, bls. 3-4) segir að öllum mönnum sé áskapaður réttur til menntunar, óháð búsetu og leggur áherslu á mikilvægi menntunar í menningu og listum. Í gegnum listir geta einstaklingar tjáð sig og öðlast skilning á umhverfi sínu og menningu og listir eru að verða æ stærri vettvangur í atvinnulífinu. List er ein leið fyrir einstaklinginn að tjá sig. Listnám hefur mikilvægu hlutverki að gegna bæði fyrir einstaklinga og samfélag og nám í listdansi ekki síður en öðrum listgreinum.

Eins og staðan er í dag eru listdanskólar einungis starfræktir í höfuðborginni og nágrannasveitarfélögum en nemendur alls staðar á landinu ættu að eiga möguleika á að leggja stund á listdansnám á framhaldsskólastigi. Árið 2013 var gerður samningur á milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar sem átti að efla hlutverk Akureyrar í lista- og menningarlífi á Íslandi. Samningurinn miðaði að því að gera menningarstarf og stofnanir á sviði leiklistar, myndlistar og sjónlistar á Akureyri það öflugt að það gæti veitt höfuðborgarsvæðinu mótvægi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Akureyrarbær, 2013). Í samningi Akureyrarbæjar og Mennta- og menningarmálaráðuneytis var ekki minnst á listgreinina, dans, þrátt fyrir þann dansáhuga sem hefur viðgengist á Akureyri.

Markmiðið með þessari ritgerð er að athuga hvort grundvöllur væri fyrir framhaldsnámi listdansi á Akureyri og hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til þess að koma því á fót.

Heimildir um listdanskennslu á Íslandi og gildi hennar voru af skornum skammti. Því voru viðtöl tekin við einstaklinga sem höfðu eitthvað til málanna að leggja og töluvert er stuðst við skýrslu Félags íslenskra listdansara frá árinu 2013. Aðalnámskrá grunnskóla og framhaldsskóla eru skoðaðar, sérstaklega listgreinahlutinn og aðalnámskrá listdanskóla bæði fyrir grunn- og framhaldsstig. Stuðst er við kenningar Johns Dewey í bókinni *John Dewey í hugsun og verki*, kenningar og humyndir Adrienne N. Sansom í bókinni *Movement and Dance in young Children's Lives, crossing the Divide* og fræðigrein eftir Susan W. Stinson úr bókinni *Embodied curriculum theory and research in arts education: A dance scholar's search for meaning*.

Ritgerðin hefst á umfjöllun um gildi sköpunar og lista í menntun og um listformið dans. Farið er yfir sögu listdansnáms á Íslandi og fjallað um stöðuna í dag. Staðan er tekin í leikskólum og grunnskólum en megin áherslan er lögð á listdansnám á framhaldsskólastigi. Staða listdansnáms á framhaldsskólastigi og á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu er borin saman. Starfsemi Listdanskóla Íslands sem er viðurkenndur listdanskóli er skoðað sem

fyrirmynd fyrir listdansnám á Akureyri. Einnig er rætt við Guðmund Helgason skólastjóra Listdansskóla Íslands. Notast er við úttekt sem gerð var á þeim skóla árið 2015. Samstarf Listdansskóla Íslands og Menntaskólans við Hamrahlíð er einnig rætt til viðmiðunar. Tveir djassdansskólar á Akureyri eru skoðaðir og áhugi þeirra á að breyta starfsemi þannig að þeir geti talist listdansskólar. Mögulegar forsendur fyrir því að Verkmenntaskólinn á Akureyri sinni listdansnámi með stofnun sviðslistabrautar. Þess vegna var rætt við Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri.

2 Sköpun og listir

Í almennum hluta aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla frá 2011 er gerð grein fyrir sex grunnþáttum sem eiga að ganga eins og rauður þráður í gegnum íslenska menntun og er einn þeirra sköpun. Hinir eru *heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi*. Í þessum kafla verður gert grein fyrir sköpun og gildi hennar og listnámsins sem eflir hana. Skapandi hugsun hefur bæði áhrif á einstaklinga og samfélag og er nauðsynleg í nútímasamfélagi en hún lærist gjarnan í gegnum listir. Með því að nýta sköpun í skólasterfi er hvatt til fjölbreyttara náms sem undirbýr nemendur til að takast á við komandi framtíð (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. 2012, bls. 12).

Með því að leggja áherslu á sköpun í menntun í gegnum listnám geta nemendur lært að taka þátt í sköpun umhverfis síns (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 23-24). Listnám stuðlar að gagnrýnni hugsun nemenda þar sem þeir eru sífellt að leita svara og með því móta þeir umhverfi sitt og samfélag og verða virkir þátttakendur í menningarorðræðu þess. Með gagnrýnni hugsun geta nemendur metið gildi og þýðingu verka sinna sem og hugmyndir sínar og annarra. Þeir verða einnig færir um að ræða skoðanir sínar og ígrunda val sitt. Í listnámi öðlast nemendur hæfni til að takast á við lífið með skapandi hætti. Þeir læra að hugsa í lausnum, sjá ný mynstur og þroska tjáningu sína (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 140-144).

Skapandi nám þjálfar nemendur í að skoða, hlusta, skilja og muna og gerir nemandum kleift að skilja heiminn betur (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 25-26). Við þurfum á listum að halda til þess að skilja okkur sjálf og hvort annað. Listir hafa fylgt manningum frá örófi alda og hafa haft áhrif á mótun umhverfi hans og listir og menning endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins. Áriðandi er að nemendur geri sér grein fyrir mótunaraflinu sem í listgreinum felst til þess að þeir geti notfært sér það á uppbyggilegan og gagnrýnninn hátt. Einnig sér til yndisauka og til að þróa þær áfram fyrir komandi kynslóðir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 139-140).

Listir stuðla að kraftmiklu samfélagi sem hefur að geyma fjölbreytileika í atvinnulífi og leggja því mikilvægt efnahagslegt framlag til samfélagsins. Listir þroska einstaklinginn og gera hann að heildsteyptum einstaklingi. Án lista gæti hann ekki mætt öllum kröfum samfélagsins (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 11).

Það er nauðsynlegt að virkja sköpunargleði nemenda til þess að þeir nái árangri. Nemendur sýna meiri áhuga ef þeir eiga uppástunguna að því sjálfir. Einnig það að sýna forvitni og athygli opnar leiðir til skapandi verka. Skapandi nám leiðir einnig til þjálfunar í að skoða, hlusta, skilja og muna. Þetta gerir nemanda kleift að skilja heiminn betur. Svo hægt er að segja að þegar nemandi þroskast í gegnum nám sitt sé hann skapandi (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 25-26).

Í almennum hluta Aðalnámskrár grunnskóla (2013, bls. 143) er listgreinum skipt í leiklist, sjónlist, tónmennt og dans. Þær eiga það sameiginlegt að lögð er áhersla á sköpun, tækni, fagurfræði, túlkun og líkamsbeitingu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 139-140).

2.1 Dans sem list

Í þessum kafla er fjallað um hugtakið dans og er stuðst við skrif höfundana, Sanson og Stinson, þar sem komið er inn á mikilvægi reynslu barna í menntun þeirra og hvernig þau tjá hana í gegnum leik.

Sansom (2011, bls. 28-29) segir að dans sé leið til tjáningar og að hann byggi á sköpun í formi hreyfinga. Hreyfingarnar eru mótaðar og kynntar öðrum af ásettu ráði. Margir álíta að dans sé einungis tjáning eða útrás tilfinninga en Sansom segir það ekki vera. Hann segir einnig að í dansi sé ekki spurningin hvað er gert heldur hvernig það er gert. Dansari verður að vera meðvitaður um líkama sinn og hug. Þó dans feli í sér hreyfingu er öll hreyfing ekki dans og það sama á við um skemmtun. Tenging dans við skemmtun hefur haft neikvæð áhrif á ímynd dans í tengslum við menntun en sú tenging ætti þó að vera af hinu jákvæða því hún leiðir til virkni og áhuga í námi. Einnig getur þessi tenging dansins við skemmtun verið góð leið til að tengjast mennskunni í sjálfum sér og umhverfinu (Sansom, 2011, bls. 26-27).

Segja má að dans feli í sér að dvalið sé í augnablikinu og að vera meðvitaður um hreyfinguna í líkamanum. Hreyfing líkamans og formið í henni skiptir jafn miklu máli og vöðvavinnan sem á sér stað þegar dansað er (Stinson, 2016, bls. 299-310). Hugurinn skiptir því ekki síður máli en beiting líkamans, dans er miklu meira en líkamshreyfing. Djúp skynjun og líkamsvitund getur umbreytt daglegri hreyfingu í dans. Þegar kemur að því að dansa eru þessar daglegu hreyfingar endurskilgreindar og lagaðar að ýmsum formum, þær skreyttar, endurteknar og samræmdar öðrum hreyfingum með hjálp líkamsvitundar. Dans verður til þegar við sem manneskjur verðum okkar eigið sköpunarverk (Sansom, 2011, bls. 29-30).

2.2 Dans sem menntunarleið

Dans er börnum eðlislægur því það fyrsta sem þau gera er að tjá sig í gegnum líkama sinn. Þau afla sér skilnings á umhverfinu í gegnum hreyfingu og látbragð líkamans er þeirra tungumál. Því ætti að byrja snemma að nýta dans í námi barna og gefa honum aukið vægi. Vinna ætti með eðlislæga reynslu þeirra og hjálpa þeim að dýpka þekkingu sína og skilning á henni (Sansom 2011, bls. 149).

Einn áhrifamesti hugsuður á sviði menntunnar á fyrri hluta 20.aldar, John Dewey fjallaði um mikilvægi reynslunnar í námi barna. Hún sé grundvallarhugtak í umræðu um inntak, eðli og markmið menntunar (Ólafur Páll Jónsson, 2010, bls. 13-41). Það að læra af reynslunni merkir að einstaklingur tengir athöfn og afleiðingar hennar bæði aftur og fram í tíma. Einstaklingur tekur afleiðingum athafna sinna og finnur orsakatengingu milli athafna og afleiðinga. Til þess þarf hann að bregðast við og ígrunda val sitt. Reynsla er skilyrði fyrir því að geta sett sér markmið og unnið að þeim. Börn tjá sig í gegnum reynslu sína. Reynsla barns, jafnt innan sem utan skóla, er sá grunnur sem almennt nám byggir á (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 57-72).

Oftast nær tjá börn reynslu sína, túlka hana og endurskapa í gegnum leik. Leikur er börnum eðlislægur eins og dans og því er mikilvægur þegar kemur að menntun. Sansom (2011, bls. 70) segir að í gegnum leik tengi börn milli raunveruleika og ímyndunar. Þau geta framkvæmt og látið reyna á þekkingu sína. Í leik átta þau sig á möguleikum sínum til breyta og hafa áhrif á umheiminn. Hann virkar einnig sem hvatning vegna gleðinnar sem hann veitir.

Auðvelt er að tengja danskennslu ungra barna við leik og gleði. Samhæfingin milli hreyfingar líkama barna og sköpunargleði er óumflýjanleg. Hugsanir þeirra og ímyndun verða til í gegnum tjáningu líkamans í leik. Þegar gleðin er fjarlægð er gjarnan litið á dansinn sem óhlutstæðan, flókinn, tæknilegan og of sérhæfðan og þar af leiðandi eigi hann bara alls ekki við börn. Þetta sjónarmið á rætur sínar að rekja til gamalla hefðbundna skilgreininga á dansinum en ekki til kennslufræðilegra sjónarmiða þar sem tenging ímyndunaraflsins við dansinn spilar stórt hlutverk (Sansom, 2011, bls. 72). Til þess að hægt sé að notfæra sér dans sem kennsluverkfæri þarf viðeigandi lausnir til að tengja hann hugmyndum og upplifunum og ímyndunum barna í leik og daglegu lífi. Hann þarf að hafa merkingu fyrir þeim (Sansom, 2011, bls. 73).

Í dansi og leik þar sem ímyndunarafl barna fær að njóta sín koma oft skapandi hugmyndir fram, þau fá færi til að leita ýmissa leiða til þess að finna lausn á vandamálum. Það kemur fyrir að lausnin gengur ekki upp og hlutirnir mistakast en það hefur enginn veruleg áhrif á

raunveruleikann og þess vegna er hægt að halda áfram að dansa. Þessir eiginleikar skapandi náms geta gagnast í lífi barnsins og dregið úr streitu. Þegar börn fá tækifæri til að skapa hugmyndir í gegnum dans getur hann stuðlað að auknu sjálfstrausti, heilbrigðum líkama, góðri líkamsmeðvitund og almennri vellíðan (Sansom, 2011, bls.76-77).

Dans getur verið mikilvægur í þroskaferli einstaklinga. Hann eflir sjálfsöryggi og stuðlar að félagslegum samskiptum, bæði innan veggja skóla og utan. Í gegnum dans má efla skilning á hefðum og menningu annarra þjóða sem og okkar eigin (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls.144 – 145).

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir um dans að nemendur eigi að fá að tjá og túlka skoðanir sínar og hugsanir, hugmyndir og tilfinningar með líkamstjáningu. Í gegnum dans eigi að efla ímyndunarafli og frumkvæði nemenda sem og umburðarlyndi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls.144 – 145).

Nauðsynlegt er að opna nemendum leiðir til skapandi verka og virkja sköpunargleði þeirra, áhuga, forvitni og frumkvæði með því að kenna þeim í gegnum listir segir í heftinu Sköpun sem gefið var út í tengslum við nýja Aðalnámsskrá (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 25-26). Þetta er hægt að gera í gegnum dans.

2.3 Gildi listdanskennslu

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var fjallað um mikilvægi náms í listum. Lögð var áhersla á að allir ættu sama rétt til menntunar og tækifæra í menningu og listum. Listnám er því mikilvægt í menntakerfum allra landa og það telst til mannréttinda að fá að njóta þess (UNESCO, 2006, bls. 3-4). Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna (UNESCO) heldur ráðstefnur um dans á hverju ári og er markmið þeirra að vernda arfleiddansins, stuðla að sköpun og efla þekkingu á dansi í skólastarfi. Einnig að hvetja til samstarfs á milli fagaðila í greinninni og stuðla að þjálfun meðal dansara og danshöfunda (UNESCO, e.d.).

Dans hefur ótvírætt listrænt og menningarlegt gildi en auk þess hefur hann þá sérstöðu að sameina listir og íþróttir. Hann ber því með sér lýðheilsuávinning og forvarnargildi sem og íþróttir gera (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 3).

Það hefur komið í ljós í könnunum og rannsóknum hjá Lýðheilsustöð Íslands að líkamleg þjálfun hefur forvarnargildi (Kristján Þór Magnússon, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Þórarinn Sveinsson og Erlingur Jóhannsson, 2011). Oft á tíðum er litið fram hjá þessu í opinberri umræðu um dans vegna þess að hann er flokkaður sem listgrein en ekki íþrótt.

Samkvæmisdans er sú tegund af dansi sem flokkaður er sem íþrótt samkvæmt Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, 2016) en í þessari ritgerð er áherslan þó á listdans.

2.4 Saga listdanskennslu á Íslandi

Í skýrslu Félags íslenskra listdansara (FÍLD) árið 2013 kemur fram að dans hafi verið hluti af menningarlífi Íslendinga í rúma öld og því má segja að dansmenning eigi frekar stutta sögu hér á landi. Kennsla í listdansi hefst árið 1910, þegar leikkonurnar, Stefanía Guðmundsdóttir og Guðrún Indriðadóttir, hófu að kenna dans í Reykjavík, ekki kemur fram hvort um var að ræða námskeið eða skóla. Þær stóllur sömdu einnig dansa fyrir Leikfélag Reykjavíkur. Þar áður hafði gestarkennari á vegum Kristjáns Danakonungs verið hér á landi og kennt landsmönnum dans en ekki kom fram í hversu langan tíma sú kennsla stóð yfir. Ásta Norðmann stofnaði dansskóla árið 1922 en árið 1929 stofnaði hún fyrsta listdanskólann á Íslandi en listdanskólar leggja áherslu á að nemendur geti haft atvinnu af dansnámi sínu (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 5; Sveinn Einarsson, 1996).

Á næstu árum og áratugum bættist verulega í hóp danskennara sem seinna opnuðu sína eigin dansskóla. Sigríður Ármann, Rigmor Hansen, Sif Þórz og Ellý Þorláksson voru í þeim hópi og árið 1947, stofnuðu þær Félag íslenskra listdansara ásamt Ástu Norðmann. Fyrsta verkefni félagsins var að þrýsta á hið opinbera að stofna listdanskóla við Þjóðleikhúsið. Fjórar kvennanna lögðu niður sína dansskóla en stofnuðu allar fimm Listdanskóla FÍLD árið 1948. Það var ekki fyrr en árið 1952 sem þrýstingur þeirra bar árangur og Listdanskóli Þjóðleikhúsins var stofnaður. Dans var þá kenndur sem einhverskonar hliðargrein í leikhúsinu. Aðal áherslan var lögð á ballett. Erik Bisted, ballettmeistari kenndi til ársins 1960. Eftir að hann hætti var ákveðin óvissa um framtíð Listdanskólans og það var ekki fyrr en Alan Carter listdansstjóri og stofnandi Íslenska dansflokksins tók við stjórn skólans árið 1973 að henni var eytt. Ingibjörg Björnsdóttir var ráðin skólastjóri árið 1977 og gegndi því í 20 ár. Árið 1991 varð Listdanskóli Þjóðleikhúsins að Listdanskóla Íslands sem sjálfstæð opinber stofnun (Eva María Jónsdóttir, 2017; Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 5).

Til viðbótar við Listdanskóla Íslands hafa fjölmargir listdanskólar verið starfræktir á landinu. Á árunum 1950 til 1970 voru fimm ballettskólar á höfuðborgarsvæðinu. Jazzballettskóli Báru var stofnaður árið 1967, árið 1982 var Ballettskóli Guðbjargar Björgvins

stofnaður, 1993 var Klassíski listdansskólinn settur á laggirnar og síðan bættist Listdansskóli Hafnarfjarðar við árið 1994. Allir þessir skólar eru starfrækir í dag. Á 21.öldinni hafa fjölmargir skólar bæst í hópinn til dæmis Danskompaní og BRYN, Ballett Akademían á Suðurnesjum og Point Dans stúdíó á Akureyri (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 6).

Listdansbraut á framhaldsskólastigi var stofnuð í fyrsta sinn í samstarfi Listdansskóla Þjóðleikhússins og Fjölbrautarskólans í Ármúla árið 1988. Árið 1997 bættist nám í nútímadansi og í klassískum listdansi við hjá Listdansskóla Íslands í samvinnu við framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu. Sambærilegir skólar á Norðurlöndunum, sérstaklega Sænski ballettskólinn, voru hafðir til hliðsjónar við stofnun þessara tveggja námsleiða. Listdansskóli Íslands, Klassíski listdansskólinn og Danslistarskóli JSB hófu síðan kennslu árið 2006 í samstarfi við Menntaskólann við Hamrahlíð. Um vorið 2011 bættist BRYN Ballett Akademían við hópinn en skólinn er í samvinnu við Fjölbrautarskólann á Suðurnesjum. Það þýðir að árið 2013 buðu þessir fjórir skólar, Listdansskóli Íslands, Klassíski listdansskólinn, Danslistarskóli JSB og BRYN Ballett Akademían, upp á listdansbraut á framhaldsskólastigi. Allir skólarnir eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu nema BRYN sem er í Reykjanesbæ (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 6).

3 Danskennsla á Íslandi í dag

Danskennsla á Íslandi fer fram á fimm vettvöngum í leikskólum, grunnskólum, listdanskólum, dansstúdíóum og háskólum. Þessar fimm gerðir skóla hafa mismunandi markmið og áherslur. Í leikskólum á barn að hafa fengið tækifæri til að skapa og tjá upplifun sína í dansi. Í grunnskólum er áherslan á dans sem menntunarleið, í dansstúdíóunum er litið á dans á félagslegum forsendum, sem tómtundargaman og í listdanskólum eru nemendur undirbúnir undir að gerast atvinnudansarar. Í háskólanum er lögð áhersla á að skila af sér fullmótuðum danslistarmönnum eða danskennurum. Auk þessa eru dansnámskeið stöðugt haldin víðsvegar um landið.

3.1 Leik- og grunnskólar

Markmið aðalnámskrár leikskóla (2011, bls. 6-7) er að samræma menntun, umönnun og uppeldi barna í leikskólum landsins. Allir leikskólar landins verða að fylgja henni til þess að tryggja jafnrétti meðal leikskólabarna. Í aðalnámskrá er lýst hæfnipáttum sem börn eiga að kunna skil á við lok leikskóla og það er á ábyrgð leikskólakennara að börnin nái þeim hæfniviðmiðum. Námssvið leikskólans eiga að tengjast öllu starfi skólans en þau byggja á skapandi og gagnrýnni hugsun í leik og daglegum athöfnum. Námssvið leikskólans eru fjögur og eitt þeirra kallast *sköpun og menning* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 29). Þetta tiltekna námsvið gegnir mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna. Áhersla er lögð á skapandi starf þar sem hugmyndir, tilfinningar og ímyndun barnsins fá að njóta sín. Leikskólakennarar eiga að stuðla að skapandi hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum til þess að barnið geti nálgast viðfangsefni frá ólíkum hliðum og á eigin forsendum. Leikskólinn á að vera staður fyrir börn þar sem þau geta skapað og tjáð upplifun sína í tónlist, myndlist, leikrænni tjáningu og dansi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 31). Hver og einn leikskóli ræður hversu mikil áhersla er lögð á dansinn og hvort ráðinn sé danskennari í ákveðið tímabil. Því getur það verið breytilegt eftir leikskólum en samkvæmt aðalnámskrá leikskóla þá á barnið að fá tækifæri til að upplifa dans áður en það lýkur leikskóladvöl sinni.

Danskennsla í grunnskólum er bundin við viðmiðunarstundaskrá sem byggir á ákveðnu tímamagni sem nær yfir allar fimm listgreinarnar, tónmennt, myndmennt, textímennt, dans og leiklist og samsvarar 160 mínútum á árgang á viku frá 1.-7. bekk eða fjórar kennslustundir á viku. Listgreinarnar fimm þurfa því að deila þessum fjórum kennslustundum sín á milli og

Það er á ábyrgð viðkomandi skóla hvernig þessi skipting fer fram. Auk þess eiga 8.-10. bekkur að geta valið listgreinar í valáföngum skólans. Í grunnskólum er kennsla í dansi á vegum almennra bekkjarkennara eða danskennara. Í hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla er hægt að finna viðmið fyrir dans fyrir 4ða, 7unda og 10unda bekk. Þau skilgreina hvað nemendur eiga að kunna við lok hvers bekk og verða viðmiðin meira krefjandi því eldri sem nemendurnir eru. Við lok grunnskóla eiga nemendur að búa yfir góðri líkamsvitund og samhæfingu í dansi. Þeir eiga að geta samið verk, sýnt þau og rætt þau á gagnrýninn hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 145). Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem gerð var 2009 og kom fram í skýrslu Félag íslenskra listdansara þá er 80% af danskennslunni kennsla í samkvæmisdönsum í grunnskólum Reykjavíkur en hann telst ekki til skapandi greina (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 6).

3.2 Dansstúdíó

Með aukinni eftirspurn eftir dansnámi hefur dansstúdíóum fjölgað með árunum. Dansstúdíó leggja áherslur á ýmsar tegundir af dansi og fylgja stefnum og straumum sem ekki eru áberandi í hefðbundnum listdanskólum, svo sem „street“ og „bollywood“ dans. Það má því segja að dansstúdíóin efla dansflóruna á Íslandi. Kennsla fer fram í námskeiðaformi og námið er oftast sniðið að því sem hæst ber, eða vinsælast er, í dansi á hverjum tíma. Áherslan er á heilsubót og ánægju (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 7).

3.3 Háskóli

Listaháskóli Íslands (LHÍ) bauð fyrst upp á háskólanám í dansi þegar eins árs diplómanám var í boði við leiklistardeild skólans árið 2005 og síðan þriggja ára nám til B.A. prófs í samtímadansi árið 2007. Árið 2009 fór LHÍ að bjóða upp á danskennaranám til meistaragraðu. Sú menntun er enn í boði (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 6; Listaháskóli Íslands, e.d).

Árið 2008 var stofnað kjörsvið á menntavísindasviði Háskóla Íslands í þeim tilgangi að mennta danskennara fyrir grunnskóla (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 6). Samkvæmt Helgu Rut Guðmundsdóttir, dósent í tónmennt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (HÍ), er danskennslu-kjörsviðið enn til í HÍ en fáir nemendur sækja um inngöngu svo það er ekki kennt (Helga Rut Guðmundsdóttir, munnleg heimild, 8. ágúst, 2017).

Það hlýtur samt að bæta grundvöll fyrir danskennslu og -nám á grunn- og framhaldsskólastigi að hægt skuli vera að stunda framhaldsnám tengt dansi í bæði Listaháskóla Íslands og í Háskóla Íslands.

3.4 Listdansskólar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir skipan náms í listdansskólum eins og *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Kjörsvið á listnámsbraut: klassískur listdans, nútímalistdan* gerir ráð fyrir.

Formlegt viðmið fyrir skilgreiningu á listdansskóla hefur ekki enn verið gefið út en ef skoðuð eru viðmið tónlistarskóla skv. fyrstu grein laga nr.75/1985 má sjá að allir listdansskólar uppfylla minnst fjögur af þeim fimm skilyrðum sem gerð eru til tónlistarskóla. Í fyrsta lagi að hafa einn fastan kennara auk stundakennara, í öðru lagi að starfa minnst sjö mánuði á ári og ljúka námsárinu með prófum og/eða opinberum nemendasýningum. Þriðja skilyrðið er að kenna samkvæmt *Aðalnámskrá framhaldsskóla, kjörsvið á listnámsbraut* og veita nemendum kennslu í aðalnámsgrein og aukánámsgreinum. Fjórða skilyrðið er að minnsta kosti 30 nemendur stundi námið. Fimmta skilyrði er að skóli fái sérstakt samþykki menntamálaráðuneytis eða sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls.7).

Samkvæmt aðalnámskránni er markmið listdansskóla að undirbúa nemendur fyrir atvinnumennsku í listdansi en einnig að bjóða upp á þroskandi og ánægjulegt nám. Nemendur eiga að fá þjálfun í túlkun og sköpun og námið á að efla á skilning þeirra og hæfni nemenda til að flytja, greina, skapa, njóta og horfa á dans. Áhersla er lögð á danstækni, listdanssögu og danssköpun (Menntamálaráðuneytið, 2006b, bls. 3). Námið skiptist oftast í þrjú stig: *forskóla, grunnstig* og *framhaldsstig*. Nemendur hefja námið oftast við níu ára aldur. Í forskóla byggist það á einni til tveimur kennslustundum í viku með áherslu á ballettæfingar og skapandi leiki. Á grunnstigi eru kennslustundir oftast á bilinu þrjár til fimm á viku, í ballet, nútímadansi eða djassdansi. (Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir, 2013, bls. 7). Nám á framhaldsstigi tekur þrjú ár og hefja nemendur það oftast á sextánda ári.

Allir sem áhuga hafa geta tekið inntökupróf á framhaldsstig en æskilegt er að þeir hafi áður lokið grunnnámi í listdansi samkvæmt aðalnámskrá listdansskóla eða sambærilegu námi (Menntamálaráðuneytið, 2006b, bls. 3). Tvær námsbrautir eru í boði á framhaldsstigi, í klassískum listdansi og nútíma listdansi. Á klassískri listdansbraut er áhersla lögð á sterkan grunn í ballettækni, táskvinnu og dansverk (e. repertoire). Nemendum er kenndur klassískur

ballett listdanssögunnar, nútímalistdans, djass og spuni. Á nútímalistdansbraut er lögð áhersla á líkamsvitund og færni nemanda til listrænnar tjáningar. Nemendur eiga ekki einungis að ná tæknilegri færni heldur einnig að kynnast líkama sínum og nýta hann til listrænnar tjáningar. Þeir kynnast helstu frumkvöðlum í nútímalistdansi og eru einnig kynntir fyrir ólíkum spunaaðferðum, djassdansi, danssmíðum og kóreografíu. Þeir eru hvattir til framsækni og áræðis og til að móta sínar eigin hugmyndir og skoðanir. Uppsetning og þátttaka í danssýningum er lykilatriði á báðum brautum (Menntamálaráðuneytið, 2006b, bls. 4).

Að loknu námi á framhaldsstigi geta nemendur farið í áframhaldandi nám í háskóla eða jafnvel beint í störf hjá dansflokki sem byggja á klassískri tækni (Menntamálaráðuneytið, 2006b, bls. 4). Þeir eiga að kunna skil á grundvallarlögmálum listdansins og geta beitt þeim. Þeir eiga að búa yfir góðri samhæfingu og flæði hreyfinga, sem og hafa góð tök á beitingu líkamans. Þeir eiga að geta nýtt alla þætti líkamans og séð hann sem eina virka heild. Nemendur eiga að geta skynjað blæbrigði tónlistar og nýtt sér tónræna eiginleika danslistarinnar. Þeir eiga að geta flutt dansverk og túlkað dansinn með persónulegri túlkun sinni. Þeir eiga einnig að geta miðlað dansgleðinni til áhorfenda og náð að virkja þá. Þeir verða að vera með á hreinu hlutverk sitt bæði innan rýmisins og dansverksins. Þeir eiga að geta samið sitt eigið verk og útfært það, sem og kynnt það bæði munnlega og skriflega. Nemendur eiga að geta spunnið út frá ýmsum ólíkum þáttum. Þeir þurfa að búa yfir dans orðaforða og geta nýtt sér hann. Þeir eiga að þekkja helstu strauma listdanssögunnar og geta notfært sér þá. Einnig eiga þeir að þekkja helstu dansverk sögunnar. Þeir verða að geta ígrundað, fært rök fyrir hugsunum sínum og tilfinningum og metið sitt eigið vinnuferli með vísan til grundvallarlögmála danslistarinnar (Menntamálaráðuneytið, 2006b, bls. 6).

3.4.1 Listdansskóli Íslands

Listdansskóli Íslands (LÍ) verður skoðaður nánar í þessum kafla til viðmiðunar fyrir hugsanlegt framboð á námi í listdansi á framhaldsstigi á Akureyri. Hann er viðurkenndur listdansskóli og brautryðjandi í listdansnámi á framhaldsstigi á Íslandi. Byggt er á úttekt sem var gerð á starfsemi fjögurra listdansskóla á framhaldsstigi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og á viðtali við Guðmund Helgason, fyrrum dansara, sem hefur gegnt starfi skólustjóra Listdansskóla Íslands frá árinu 2012. Guðmundur dansaði með Íslenska Dansflokki frá árunum 1993 til 2004 ásamt því að kenna í Listdansskólanum. Hann er með meistargráðu í dansi frá NYU – Tisch School of the Arts í New York

(Guðmundur Helgason, munnleg heimild, 24. júlí 2017).

Fimm fastir kennarar starfa við Listdanskóla Íslands, auk skólastjórans, og 11 stundakennarar. Kennarar skólans telja endurmenntun mikilvæga. Það þurfi að þjálfa nýja kennara sem geti gengið í störf þeirra sem eldri eru. Regluleg endurmenntun kennara yrði til þess að nemendur myndu ná betri árangri og gæði kennslunnar yrðu meiri. Vegna niðurskurðar er ekki fjármagn til að fá gestakennara í heimsókn. Huga þyrfti að aukinni endurmenntun núverandi kennara sem og aukinni aðkomu gestakennara (Hlíf Svavarsdóttir, Karen María Jónsdóttir og Unnar Hermannsson, 2015, bls. 24).

Guðmundur (munnleg heimild, 24. júlí 2017) segir mun fleiri stelpur sækja námið en stráka, en heildarfjöldi umsækjenda hafi verið frá tuttugu og upp í fimmtíu á ári. Umsóknum hafi fækkað eftir að framhaldsskólinn var stytur úr fjórum árum niður í þrjú ár. Þeir sem eru með góðan bakgrunn í dansi eru líklegri til að fá inngöngu en aðrir. Þeir sem sækja um á listdansbraut komi bæði úr grunndeild skólans sem og úr öðrum skólum (Guðmundur Helgason, munnleg heimild, 24. júlí 2017). Kennarar og skólastjóri leiðbeina nemendum um val á braut eftir inntökupróf en flestir nemendur fara þó á þá braut sem þeir velja sér sjálfir (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 22-23).

Guðmundur Helgason (munnleg heimild, 24. júlí 2017) telur að þeir skólar sem bjóða upp á listdans sem kjörsvið á framhaldsskólastigi séu allir með sínar eigin skólanámskrár, en hafi aðalnámskrá framhaldsskóla um listdans sem viðmið. Þeir fylgi henni þó ekki í einu og öll heldur skapi sér sína eigin sérstöðu. Guðmundur segir einnig að aðalnámskrá listdanskóla sé að sumu leiti úrelt vegna nýlegra breytinga á framhaldsskólum landsins, vegna innleiðingu nýs einingakerfis og styttingu náms en nefnir ekki hvort verið sé að vinna í breytingum á námskránni (Guðmundur Helgason, munnleg heimild, 24. júlí 2017).

Listdanskóli Íslands fer eftir sérstöku kennsluferfi í bæði í grunn- og framhaldsdeildum svo námið er ein heild. Skólinn býður upp á klassíska listdansbraut og nútíma listdansbraut í framhaldsdeildinni. Þar er hægt að ljúka náminu á þremur árum en nemendum býðst að bæta við sig einni önn ef áhugi er fyrir hendi. Munurinn á brautunum tveimur er sá að lögð er meiri áhersla á tæknilega hlið dansarans á klassísku brautinni en á nútímadansbraut fá nemendur meira af skapandi áföngum eins og danssmíði (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 21-22). Fjöldi nemanda við framhaldsdeild skólaárið 2015/2016 voru 42 talsins, 27 í nútímadansi og 15 í klassískum dansi (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls.21). Guðmundur (munnleg heimild, 24. júlí 2017) vildi geta boðið nemendum sínum upp á fleiri kennslustundir í dansi en gert er ráð fyrir í núverandi námskrá skólans. Kennarar LÍ telja

hann eina skólann á landinu sem tryggir nemendum inngöngu í háskólanám í klassískum dansi og nútíma dansi. Nám skólans sé hefðbundið og lögð er mikil áhersla á tæknilega hlið námsins, eða ballettinn. Það tekur tíma að komast í rétt líkamlegt form og kennarar virðast vera meðvitaðir um að sá tími sem ætlaður er til kennslu nægi ekki til þess að þjálfá ballettdansara á þann hátt sem nútíminn krefst (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 22).

Námsmat er í formi miðannarsmats og lokaprófa. Miðannarmat fer fram með viðtölum þar sem rætt er um stöðu nemanda, framfarir þeirra og hvað betur mætti fara. Einkunnargjöf er í formi tölu frá prófdómara og þar að auki fá nemendur einkunn frá kennara hvers áfanga. Áður en nemendur hefja sitt síðasta námsár við skólann boðar skólastjórinn þá í einstaklingsviðtöl og þar sem rætt er um árangur nemanda frá upphafi náms og farið er yfir framhaldið (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 22).

Samkvæmt Guðmundi (munnleg heimild, 24. júlí 2017) er markmið Listdansskólans að mennta framtíðar listdansara og danshöfunda, en með tilkomu listdansbrautarinnar fá nemendur árangur sinn metinn með stúdentsprófi á listdansbraut. Þeir sem vilja geta haldið áfram í frekara dansnámi eða hafa þá möguleikan að sækja um í öðrum háskólum þar sem stúdentspróf er krafist. Örfáir nemendur komast þó strax að í atvinnumennsku, hjá Íslenska Dansflokknum til dæmis. Guðmundur (munnleg heimild, 24. júlí 2017) segir að ekki hafi verið gerð nein rannsókn á afdrifum nemenda eftir að námi lýkur en að margir þeirra fari í frekara dansnám, ýmist við Listaháskóla Íslands eða skóla erlendis. Örfáir snúi sér beint að atvinnumennsku (Guðmundur Helgason, munnleg heimild, 24. júlí 2017).

Nemendur og foreldrar sem talað er við í úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Listdansskólans eru sammála um að nokkuð misræmi sé á milli brautanna tveggja við skólann. Nemendum á klassísku brautinni sé gert hærra undir höfði og í raun sé lítið niður á nemendur á nútímadansbraut. Þeir teljast ekki jafn færir og upplifa óréttlæti gagnvart klassísku dansbrautinni því nemendur þar fá meiri tíma og athygli. Nemendur á klassísku brautinni eru þessu sammála. Þeir fá betri tíma í stundatöflu skólans og fleiri æfingatíma á sviði í leikhúsi fyrir lokasýningar. Þeir fá einnig að sækja tíma hjá nútímadansbrautinni en ekki öfugt. Sólókeppni er einungis haldin fyrir nemendur á klassísku brautinni þar sem allir fá einkakennslu en ekkert sambærilegt er í boði fyrir nemendur á nútímadansbrautinni. Í úttektinni er gerð athugasemd við þetta ójafnvægi milli deilda hvað varðar námsframboð, aðstöðu og þjónustu við nemendur (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 25).

Í húsnæði LÍ við Engjateig í Reykjavík eru þrír danssalir. Þeir eru allir útbúnir með dansdúk, speglum, balletstöngum og píanói. Svo að starfsemi skólans haldist gangandi þarf að leigja sali til viðbótar. Skólastarfið er því dreift um borgina sem þykir hafa slæm áhrif á

námið. Einnig sárvantar rými fyrir nemendur fyrir og eftir kennslustund til þess að hita upp og teygja á. Aðbúnaður er því ekki viðunandi og tryggja þyrfti varanlegt húsnæði (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 25-26).

LÍ var breytt úr ríkisskóla í einkaskóla árið 2006. Skólinn er nú í eigu Dansmenntar, sem er einkahlutafélag í eigu Listaháskóla Íslands (LHÍ). Breytingarnar hafa haft þær afleiðingar að fjárhagsgrundvöllur skólans er í dag óstöðugri að sögn Guðmundar (munnleg heimild, 24. júlí 2017). Með aðalnámskrá listdanskóla 2006 stóð til um að semja um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélags. Sveitarfélögin áttu að greiða með grunnnáminu og ríkið með framhaldsstiginu. Mikilvægara þótti að klára samkomulag um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarskólanna. Síðan eru liðin ellefu ár og staðan enn sú sama. Grunnnámið er undirfjármagnað en skólarnir geta sótt um styrk frá menntamálaráðuneytinu. Ríkið greiðir kostnað við framhaldsskólastigið samkvæmt nemendaígildum eins og í öðrum framhaldsskólum, en framlagið gefur ekki upp rétta mynd af kennslukostnaði LÍ, húsnæði og öðru tilfallandi. Nemendaígildin virðast byggja á starfi tónlistarskólanna sem er einstaklingsmiðað og nægir ekki fyrir starfsemi LÍ sem byggist á hóptímum (Guðmundur Helgason, munnleg heimild, 24. júlí 2017).

Í úttektarskýrslu ráðuneytisins kemur fram að rekstur Listdanskóla Íslands hefur ekki gengið nógu vel á undanförunum árum. Taprekstur, lágt eignarfjárlutfall og ekkert handbærtfé hefur einkennt rekstrarumhverfi skólans. Þar af leiðandi eru stórfelldar breytingar á rekstar- og fjárhagsstöðu skólans nauðsynlegar að mati skýrsluhöfunda (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 28). Vegna niðurskurðar hafa ýmsir þættir verið lagðir niður svo sem undirleikur í tímum og hlutfall fastráðinna kennara dregist saman. Enn fremur liggja engir langtímasamningar á borðinu um fjármögnun og því erfitt að spá í framtíðina hvað varðar starfsemi skólans, námsframboð og húsnæðismál samkvæmt Guðmundi Helgasyni (munnleg heimild, 24. júlí 2017).

Starf Listdanskóla Íslands er hefðbundið og fastmótað og því þarf að gæta að það festist ekki í viðjum vanans, en skólinn uppfyllir kröfur varðandi listdansnám og námsframboð er til fyrirmyndar (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 27).

3.4.2 Samstarf listdansskóla og framhaldsskóla

Þar sem boðið er upp á framhaldsnám í listdansi eða listdansbrautir í samstarfi listdansskóla og framhaldsskóla er bóklegt nám og dansnám tvinnuð saman og geta nemendur tekið stúdentspróf með dans sem kjörsvið. Slíkt samstarf Menntaskólans við Hamrahlíð (MH) og LÍ hófst árið 2006, um svipað leiti og þáverandi námsskrá í listdansi kom út. Örn Guðmundsson, fyrrverandi skólastjóri LÍ, tók þátt í uppbyggingu brautarinnar og hafði Konunglega sænska ballettskólann til hliðsjónar (Guðmundur Helgason, munnleg heimild, 24. júlí 2017). Bóklegt nám í stærðfærði, íslensku, erlendum tungumálum og samfélagsgreinum fer fram í MH en dansnám og listdanssaga í LÍ og tveimur öðrum listdansskólum á höfuðborgarsvæðinu, Danslistarskóla JSB og Klassíska listdansskólanum (Guðmundur Helgason, munnleg heimild, 24.júlí 2017). Nemendur eru í danstímum til hádegis og seinni hluta dags en þar á milli sækja þeir bóklega tíma (Hlíf Svavarsdóttir o.fl., 2015, bls. 23).

4 Danskennsla á Akureyri

Danskennsla fer fram í leik- og grunnskólum á Akureyri og í tveimur dansstúdíóum sem sérhæfa sig í djassdansi. Til þess að komast að því hvernig þessari danskennslu væri háttað var haft samband við, Margréti Pálu Ólafsdóttur, stofnanda Hjallastefnunnar ehf og Elínu Halldórsdóttur, danskennara í Hólmasól, leikskóla sem byggir rekstur sinn á kenningum hjallastefnunnar og, Guðrúnu Huld Gunnarsdóttur, danskennara við Naustaskóla og einn af eigendum Steps Dancecenter, Karen Jóhannsdóttur sem er einnig einn eigandi sama skóla, og Katrínu Mist Haraldsdóttur eiganda og skólastjóra Leik- og Dansstúdíó Alice. Auk þess er starfræktur skóli á Akureyri sem sérhæfir sig í samkvæmisdansi, en ekki verður fjallað um þann skóla hér þar sem samkvæmisdans er skilgreindur sem íþrótt en ekki listgrein (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, 2016).

4.1 Hólmasól

Margrét Pála Ólafsdóttir, sem eru þekktust fyrir þá áherslu sem hún leggur á kynjaskipt skólustarf, segir að skólar Hjallastefnunnar leggi mikla áherslu á hreyfingu í víðusamhengi, dans er þar á meðal. Líkt og í opinberum leik- og grunnskólum fer það svo eftir hverjum skóla fyrir sig hvort að ráðin sé danskennari (Margrét Pála Ólafsdóttir, munnleg heimild, 20. júní 2017). Elín Halldórsdóttir, danskennari á leikskólanum Hólmasól sem er Hjallastefnuskóli, hefur kennt við skólann í fimm ár. Hún er ekki ein af fastráðnum leikskólakennurum heldur kemur hún tímabundið inn í skólann sem sérhæfður danskennari. Elín segir að í skólanum ríki jákvæður andi gagnvart danskennslu og kennarar og stjórnendur taki virkan þátt. Hverjum hópi nemenda er kennt í hálf tíma í senn í átta skipti og eru tímarnir aldurskiptir (Elín Halldórsdóttir, munnleg heimild, 31. júlí 2017). Stefna Elínar með kennslunni er að efla hreyfiþroska og samhæfingu líkama nemenda og gefa þeim færi á að vinna saman og læra að snerting sé ekki feimnismál. Nemendur eiga að sýna hver öðrum virðingu og aðstoða hvert annað ef þess þarf. Elín segir börnin móttækileg fyrir kennslunni og segist sjá mun á nemendum eftir þessa tíma. Þau verða mun taktvissari og sjálfsöruggari. Elín segir það skipta sköpun að kenna börnum dans í leikskólum því allt tekur lengri tíma þegar þau verða eldri og fordómar og feimni eiga það til að flækjast fyrir þeim (Elín Halldórsdóttir, munnleg heimild, 31. júlí 2017).

Elín segir miklu máli skipta að sýna börnunum þolinmæði og skilning. Nemendur verði að fá að ráða ferðinni og ekki megi ætlast til of mikils af þeim, leyfa þurfi gleðinni að taka öll

völd (Elín Halldórsdóttir, munnleg heimild, 31. júlí 2017).

4.2 Naustaskóli

Guðrún Huld Gunnarsdóttir hefur verið danskennari við Naustaskóla, grunnskóla á Akureyri, síðan árið 2009. Hún talar um að hún fái frekar frjálsar hendur varðandi kennsluna í Naustaskóla og sníði hana að mestu leiti að sínu höfði en hefur aðalnámskrá grunnskóla sem viðmið. Guðrún fer ekki eftir neinum kennslubókum eða frumkvöðlum hvaða varðar kennsluaðferðir en fylgir uppeldisstefnu Naustaskóla sem nefnist Jákvæður agi. Hann einkennist af umhyggju, virðingu og vinsemd (Guðrún Huld Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 22. ágúst 2017).

Verklegar greinar eru kenndar í smiðjum og hver smiðja stendur yfir í sex til sjö vikur; dansinn fellur þar undir. Guðrún Huld segir að fyrstu árin hafði hún kennt 60 mínútur á viku í 2. - 7. bekk. Fljótlega breyttist það og danssmiðjan deildi 100 mínútum með leiklistinni. Síðasta skólaári kenndi hún 1. bekk í 60 mínútur, einu sinni í viku og 6.-7. bekk 50 mínútur á viku. Hún talar einnig um að stjórnendur skólans vilji halda samstarfinu áfram enda hafi það gengið vel. Þeir telja dansinn nauðsynlegan á stundaskrá nemenda. Guðrún segir þó að hún vilji leggja meiri áherslu á 8-10. bekk og jafnvel reyna að koma dansinum inn í íþróttatíma, því það þurfi mikið þol og styrk til þess að geta dansað. Slíkt fyrirkomulag myndi jafnvel höfða betur til þeirra sem eldri eru (Guðrún Huld Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 22. ágúst 2017).

Aðspurð var Guðrún beðin um að lýsa hefðbundinni kennslustund. Guðrún leggur áherslu á að nemendur læri að minnsta kosti einn samkvæmisdans hvert skólaár, en hún kennir einnig aðra stíla til þess að kennslan verði sem fjölbreyttust. Má þar nefna street, djass og hópansa. Hún segist einnig vinna mikið með samhæfingu og samvinnu milli kynjanna. Þá vinnur hún mikið með taktæfingar, hraðæfingar og speglun. Nemendur fá auk þess að búa til dansmyndbönd þar sem þau sjá sjálf um að velja lög og semja dansinn. Nemendur sýna ávallt dansatriði á samverustund skólans (Guðrún Huld Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 22. ágúst 2017).

4.3 Steps Dancecenter

Steps Dancecenter sérhæfir sig í tómsundamiðuðu djassballettnámi fyrir alla. Yngstu nemendur skólans eru þriggja ára og þeir elstu 25 ára og eldri. Nemendum er skipt í hópa eftir aldri og getu. Kennar eru ein til þrjár kennslustundir á viku, 50 til 90 mínútur í senn.

Aðaláhersla er lögð á djassdans, líkamsþjálfun og danstækni bæði í djass og klassískum ballett. Nemendur fá einnig að kynnst öðrum dansstílum eins og nútímadansi. Námið á að stuðla að líkamsmeðvitund, hreyfifærni, auknu þoli, liðleika, styrk og listrænum þroska. Skólinn leggur einnig áherslu á danssmíði, dansspuna og leikræna tjáningu. Námsfnið í hverri kennslustund miðast við aldur og þroska nemenda (Steps Dancecenter, e.d., bls. 1-2).

Karen Jóhannsdóttir (munnleg heimild, 17.ágúst2017) einn eigandi dansskólans, segir að í Steps Dancecenter væri fyrst og fremst lagt áherslu á dansgleði. Kennararnir sjá um leið hverjir það eru sem hafa sérstakan áhuga á dansi og hverjir eru þarna aðeins fyrir félagsskapinn og hreyfinguna. Unnið er út frá því og þess vegna fá allir nám við sitt hæfi. Fyrir þá nemendur í efstu hópum skólans sem vilja almennt ná faglegum árangri er lögð mikill áhersla á undirbúning fyrir frekara dansnám (Karen Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 17. ágúst 2017).

Hæfnin sem miðað er við að nemendur nái er mjög svipuð þeim sem lýst er í aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir listdanskjörsvið. Má þar nefna samhæfingu líkamans, gott vald á líkamsbeitingu, skilning á mikilvægustu danstækniæfingunum, þjálfun í samhæfingu tónlistar og hreyfingar, færni í að semja dans og tækifæri til að dansa á leiksviði (Steps Dancecenter, e.d., bls. 6). Karen talar um að skólinn fari ekki vísvitandi eftir hæfniviðmiðum aðalnámskrár þó svo að einhver þeirra gætu átti við. Karen segir að skólinn sé í stöðugri þróun. Horft er með gagnrýnum augum á starfið og reynt að laga það sem betur má fara. Hún sér ekki fram á að það verði gerðar stórvægilegar breytingar á skólanum á næstum fimm árum en vill að skólinn haldi áfram að bjóða upp á dansnám sem hentar öllum (Karen Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 17. ágúst 2017).

4.4 Leik- og Dansstúdíó Alice

Katrín Mist Haraldsdóttir er eigandi Leik- og Dansstúdíó Alice. Í skólanum er boðið upp á dansnám fyrir börn frá tveggja ára aldri og upp úr. Námið byggist á djassballett. Markmið dansdeildar er að nemendur upplifi dansgleði og þeir nái markmiðum sínum í samræmi við aldur og hreyfiþroska. Kröfurnar eru einstaklingsbundnar (Leik- og Dansstúdíó Alice, e.d.-a).

Katrín Mist (munnleg heimild, 17. ágúst 2017) segir að skólinn reyni að mæta kröfum þeirra sem stefna á áframhaldandi nám en einnig þeirra sem stunda námið sér til gamans. Eins og staðan er í dag býður skólinn upp á undirbúning til framhaldsnáms fyrir 16 ára og eldri. Þar er lögð áhersla á kóreógrafiu, danskennslu og jafnvel aðrar sviðslistir (Katrín Mist Haraldsdóttir, munnleg heimild, 17. ágúst 2017).

Skólinn leggur mikla áherslu á uppbyggilega og jákvæða kennsluhætti til þess að styrkja sjálfsmynd nemenda svo þeir geti þroskast og dafnað sem listamenn. Skólinn hefur nokkur grunnviðmið í dansdeild eins og rétta líkamstöðu, vald á samhæfingu líkama og tónlistar og notkun dans sem tjáningarforms í leikrænni tjáningu (Leik- og Dansstúdíó Alice, e.d.-a).

Í dag starfa átta kennarar við dansdeild skólans. Enginn þeirra er danskennaramenntaður en einn þeirra hefur farið í framhaldsnám í dansi við Listdansskóla Íslands, á nútímadansbraut. Aðrir kennara skólans hafa fengið þjálfun í fimleikum og stundað nám við Leik- og Dansstúdíó Alice (Leik- og Dansstúdíó Alice, e.d.-b).

Leik- og Dansstúdíó Alice er að hefja sitt fjórða starfsár og skólinn er í stöðugri þróun. Katrín Mist (munnleg heimild, 17. ágúst 2017) segir að stefna skólans sé að halda starfinu áfram á svipaðan hátt á næstu árum en að stækka skólann hægt og örugglega. Katrín horfir til þess að opna listdansbraut í samstarfi við framhaldsskólana í bænum í framtíðinni en skortur á menntuðum danskennurum gæti orðið mesta fyrirstaðan.

4.5 Möguleikar á listdansnámi á framhaldsstigi á Akureyri

Á Akureyri eru starfræktir tveir framhaldsskólar, Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA). VMA var stofnaður árið 1984. Starfsemi hans einkennist af námi fyrir alla nemendur með áherslu á fjölbreytni, fagmennsku og virðingu. Skólinn býður upp á fjölmargar námsbrautir, iðn og verkgreinar jafnt sem bóklegar greinar. Skólinn gerir nemendum kleift að sníða námið að sínum þörfum (Verkmenntaskólinn á Akureyri, e.d.). VMA starfrækir listnáms- og hönnunarbraut með tveimur námsleiðum, myndlistarlínu og textílhönnunarlínu þar sem nemendur flétta saman bók- og listnámi til stúdentsprófs. Lögð er áhersla á að undirbúa nemendur til frekara náms í sjónlistum og textílhönnun. Nemendur læra grunnatriði í listasögu og menningarläsi og aðferðir sjónlista eða textílhönnunar.

Skólinn leggur áherslu á að bjóða nemendum upp á námsleiðir við hæfi, bjóða upp á jákvætt og uppbyggilegt skólaumhverfi og búa nemendur undir þátttöku í framhaldsnámi og

eflingu atvinnulífs í samfélaginu. Hann vill bjóða íbúum nærsamfélagsins grunnþjónustu og bæta búsetuskilyrði í heimabyggð (Verkmenntaskólinn á Akureyri, 2014). Vegna þessarar yfirlýstu stefnu var rætt við Benedikt Barðason, aðstoðarskólastjóra VMA, um möguleika á námi í listdansi á framhaldsstigi við skólann.

Benedikt segir að tónlistarbraut hafi eitt sinn verið í boði fyrir nemendur sem komnir voru á miðstig í tónlistarskóla. Þeir fengu tónlistarnámið sitt metið á sama hátt og sjónlistir og textílhönnun innan skólans. Tónlistarnámið var tekið í Tónlistarskóla Akureyrar en bóklega námið í VMA og nemendur útskrifuðust með stúdentspróf. Fáir nemendur nýttu sér þetta, eða einungis fjórir nemendur á tíu ára tímabili. Brautin var því lögð niður og stofnun nýrrar brautar er ekki í kortunum, nema hægt verði að finna flöt á þeim málum með tónlistarskólanum og nemendur sýni brautinni áhuga. Benedikt segir að skólinn hafi ekki fengið margar fyrirspurnir varðandi tónlistarnámið. Hann segir einnig að textíllínan eigi í vök að verjast en það sé góð aðsókn á myndlistarlínuna (Benedikt Barðason, munnleg heimild, 23. júní 2017).

Benedikt segir að skoðað hafi verið að bæta sviðslistalínu við á listnámsbrautina og mögulegt gæti verið að hafa nám í listdansi þar innanborðs. Samkvæmt Þóru Björg Eiríksdóttur (munnleg heimild, 25. júní 2017) kennara við listnáms- og hönnunarbraut VMA, listgreinakennara við Verkmenntaskólann á Akureyri, þá liggur skipulag fyrir sviðslistalínu á listnámsbraut en hefur ekki verið hleypt af stokkunum. Skipulagið er því til en það á einungis eftir að koma því í framkvæmd. Samkvæmt Benedikt Barðasyni (munnleg heimild, 23. júní 2017), hefur hugmyndin einungis verið rædd í Verkmenntaskólanum en hún hafi ekki komist lengra af ýmsum ástæðum, eins og fjárskorti, húsnæðisvanda, skorti á menntuðum kennurum og einnig hafi samstarf við aðila á svæðinu gengið báglega, er þá að vísa til menningarhúsa á svæðinu. Skólinn hefur boðið nokkrum sinnum upp á sviðslistaáfangana en hann hefur einungis einu sinni verið kenndur, árið 2013. Nemendur voru þá tólf talsins. Árið 2015 var áfanginn lagður niður. Benedikt segir nemendur frekar kjósa að taka þátt í uppsetningu leikrita og söngvakeppna skólans en að stunda námið (munnleg heimild, 23. júní 2017).

Samkvæmt Benedikt (munnleg heimild, 23. júní 2017) er frekari undirbúningsvinna nauðsynleg ef opna á sviðslistabraut. Leita þarf eftir menntuðum kennurum og sækja um fjármagn. Mjög mikilvægt væri að kynna starfsemina í grunnskólum landsins. Þá þyrfti samstarf og samstaða að nást við menningarhús á svæðinu svo að hægt væri að mynda tengsl um langtíma starfsemi stofnanna. En fyrst og fremst, segir Benedikt, þyrfti stöðugan hóp nemenda (munnleg heimild, 23. júní 2017).

Benedikt Barðason (munnleg heimild, 23. júní 2017), segir að Verkmenntaskólinn reyni eftir bestu getu að verða við óskum nemenda, nærsamfélags og atvinnulífs. Ef öll þessi skilyrði sem nefnd eru hér að ofan væru til staðar myndi VMA taka málið til alvarlegrar skoðunar. En gallinn væri sá að nemendafjöldi skólans sé oftast hinn sami frá ári til árs og þyrfti því að draga þá úr öðru námi á móti til að koma að nýrri námsbraut (Benedikt Barðason, munnleg heimild, 23. júní 2017).

Verkmenntaskólinn á Akureyri gæti haft samstarf listdanskóla og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu til viðmiðunar og hafið samstarf við dansstúdíóin ef þau uppfylla kröfur um listdanskóla en eins og staðan er í dag gera þau það ekki. Til þess að dansstúdíóin verði fullgildir listdanskólar þarf margt að koma til.

4.6 Hvað vantar upp á svo að dansskólarnir geti kallast listdanskólar?

Í aðalnámskrá listdanskóla eiga nemendur að öðlast þekkingu og færni til þess að geta unnið sem atvinnudansarar eða til þess að fara í frekara dansnám. Hæfniviðmið sem nemendur eiga að kunna skil á að loknu námi eru meðal annars grunnþættir dansins sem eru: rými, tími og kraftur. Þeir þurfa að kunna að nýta sér þessi hugtök. Nemandinn þarf einnig að kunna rétta líkamsbeitingu, geta nýtt sér flæði og samhæfingu hreyfinga. Hann þarf að hafa skilning á tónlist, hrynjanda og takti og geta tjáð hana (Menntamálaráðuneytið, 2006b, bls. 6).

Báðir skólarnir, Leik- og Dansstúdíó Alice og Steps Dancecenter, virðast stefna að svipuðum markmiðum þótt þau séu ekki eins ítarleg og í aðalnámskrá. Skólarnir vilja að nemendur þeirra búi yfir góðu valdi á líkamsbeitingu og samhæfingu hreyfinga, sem og geti hlustað og tjáð sig í gegnum tónlistina. Einnig skiptir það máli að nemendur fái nám við sitt hæfi, hvort sem það sé sem áhugamál eða undirbúningsnám fyrir frekara dansnám.

Samkvæmt aðalnámsskránni eiga nemendur að geta náð til áhorfenda og snert þá með dansgleði. Þeir verða að vera meðvitaðir um sitt hlutverk í samvinnu við aðra eða í einstaklingsvinnu og geta tjáð verk sín jafnt munnlega sem skriflega. Því þykir það mikilvægt að geta ígrundað, metið og rökstutt vinnu sína (Menntamálaráðuneytið, 2006b, bls. 6).

Orðið sjálfsmat kemur ekki sterkt fram í viðmiðum djassskólanna á Akureyri. Þó er talað um að árangur sé einstaklingsmiðaður en enginn áhersla er lögð á dýpri skilning á sjálfum sér né gagnrýna hugsun. Ekkert er um bóklegt nám í skólunum tveimur svo nemendur þurfa því ekki að gera grein fyrir dansverkum eða hugmyndum sínum munnlega eða skriflega. Þeir þurfa heldur ekki að þekkja helstu dansverk listdanskögunnar eins og krafan er á

listdansbraut, sem og geta rökstutt mat sitt á eigin verkum og annara með vísan til grundvallarlögmála danslistarinnar. Sama má segja um sjálfsaga.

Samkvæmt lögum um viðmið tónlistarskóla skv. fyrstu grein laga nr. 75/1985 sem Félag íslenskra listdansara fylgir eftir því formlegt viðmið fyrir skilgreiningu á listdansskóla hefur enn ekki verið gefið út. Þá virðast hvorugur skólinn standast þær kröfur sem þarf til þess að vera kallaðir listdansskólar, enda er það ekki þeirra markmið, að minnsta kosti ekki sem stendur. Ef þeir vildu þróa skóla sína og geta boðið upp á markvissara nám þyrfti að huga að ýmsu.

Samkvæmt fyrsta viðmiðinu þá ætti að vera einn fastur kennari auk stundakennara. Báðir skólar eru þó með einn fastráðinn kennara sem er oftast stjórnandi skólans. Skólinn þarf að starfa minnst sjö mánuði á ári og það gera þeir báðir en önnin lýkur ekki með prófum heldur nemendasýningu. Þriðja viðmiðið er að skólarnir kenni samkvæmt námskrá sem gefin er út af ráðuneytinu. Á vefsíðum skólanna var ekkert slíkt að finna en í samtölum við stjórendur skólanna kom fram að ekki væri farið eftir aðalnámskrá, að minnsta kosti ekki meðvitað. Steps Dancecenter hefur hins vegar sína eigin skólanámskrá. Samkvæmt fjórða viðmiðnu verður fjöldi nemenda að ná þrjátíu talsins. Núverandi fjöldi nemenda hjá Steps Dancecenter og Leik- og Dansstúdíó Alice ætti að duga til að uppfylla þetta skilyrði. Fimmta viðmiðið er að skólinn þarf að hafa fengið samþykki frá ráðuneytinu og viðkomandi sveitastjórn ef skóli er rekinn af þriðja aðila. Steps Dancecenter og Leik- og Dansstúdíó Alice hafa ekki fengið samþykki ráðuneytisins enda hafa skólarnir ekki sóst eftir því. Skólarnir leggja meira upp úr því að dansinn sé áhugamál nemenda og leggja áherslu á dansgleðina. Skólarnir reyna þó að mæta kröfum þeirra nemenda sem huga að frekara dansnámi.

4.7 Hvernig gæti þetta verið?

Það þyrfti að gera stærri könnun þar sem gerð væri rannsókn byggð á spurningarlistum sem lögð væri fyrir alla grunnskólanemendur um allt land og þeir spurðir hvort að áhugi fyrir sviðslistabraut væri fyrir hendi. Sviðslistabraut stæði fyrir leiklistarnámi og listdansnámi.

Ef niðurstöður yrðu jákvæðar þá ætti Verkmenntaskólinn á Akureyri að geta sett á stofn sviðslistabraut í samstarfi við Menntamálaráðuneytið. Varðandi listdansnámið þá væri það góð lausn fyrir Verkmenntaskólann að vera í samstarfi við annan hvorn djassskólann, varðandi húsnaði og til þess að fá dansnemendur inn í skólann. Því það þarf stöðugan hóp nemenda. Einnig þyrfti skólinn að ráða inn fleiri menntaða kennara í þessum tilteknu kjörsviðum. Góð

leið fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri væri einnig að sækjast eftir aðstoð hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð varðandi skipulag náms, stundatöflu og þarfir nemenda. Einnig þyrfti að ná samstöðu og samvinnu við menningarhús á svæðinu. Ef annar hvor djassskólinn væri búinn að breyta og bæta starfsemi síns skóla og uppfylla skilyrðin fimm þá ætti listdansnámbraut að geta orðið að veruleika á Akureyri eins og á höfuðborgarsvæðinu.

5 Lokaorð

Tilgangurinn með þessari ritgerð var að kanna grundvöllinn fyrir því að bjóða upp á listdansnám á framhaldsstigi á Akureyri, hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla og hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til þess að svo gæti orðið.

Saga listdansnáms á Íslandi er skoðuð í upphafi, einnig mikilvægi listdans í menntun barna og unglinga og staða listdansnáms á landinu, sérstaklega á framhaldsstigi. Listdansskóli Íslands sem er viðurkenndur af Menntamála- og menningarráðuneytinu sem listdansskóli er síðan sérstaklega tekinn til skoðunar sem fyrirmyndarskóli. Staða danskennslu eins og hún er á Akureyri í dag er því næst skoðuð í leikskóla, grunnskóla, háskóla og dansstúdíóum.

Listdans hefur ákveðið vægi í Aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla en spurning er hvort það svigrúm til danskennslu sem þar má finna sé nýtt eða hvort þetta séu aðeins orð á blaði. Þeirri spurningu er ekki svarað hér en skýrsla Félags íslenskra listdansara, FÍLD, gefur ákveðna vísbendingu. Í skýrslunni kom meðal annars fram að samkvæmisdans er kenndur í danskennslu í 80% grunnskóla Reykjavíkur, en hann telst ekki til skapandi greina eins og listdans. Einnig kom fram að ekki hefur verið gefið út viðmið samkvæmt lögum um skilgreiningu á listdansskóla eins og gert hefur verið fyrir tónlistarskóla landsins.

Framtíðarmöguleikar listdansins séu frekar óskýrir þar sem fjármögnun og heildstæðari uppbyggingu vantar til framtíðar. Að sama skapi þarf að efla danskennaramenntun til þess að efla til fagmennsku í greininni. Samráð við ríki og sveitarfélög er nauðsynlegt til þess að finna lausnir á málefnum listdansins. Listdansnám á framhaldsstigi er eingöngu hægt að stunda á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ eins og staðan er í dag.

Benedikt Barðason aðstoðarskólalastjóri VMA var aðspurður ekki bjartsýnn á að hægt væri að bjóða upp á nám í listdansi við skólann í náinni framtíð. Skipulag náms á sviðslistabraut sé fyrir hendi en ekki sé nægjanleg eftirspurn hjá nemendum eftir slíku námi og því ekki nægar forsendur fyrir því að hægt sé að fara af stað með það. Mögulega myndu nemendur aðeins flytjast á milli brauta og valkostir aðeins breytast en þeim ekki fjölga.

Sviðslistabraut ætti þó að vera valkostur fyrir nemendur því það hefur tvímælalaust menntandi gildi fyrir einstaklinginn og á þátt í að skapa fjölbreytilegt samfélag. Ungt fólk ætti að geta valið að stunda nám í listdansi víðar en á suðvesturhorninu. Það virðist vera eins og það vanti leiðtoga með vilja til að framkvæma hugmyndina sem væri tilbúinn að vinna ítarlega undirbúningvinnu, leita samstarfs og húsnaðis og kynna námið vel og víða. Sækja mætti nemendur til allrar landsbyggðar án þess að draga úr öðru námi í VMA eða tómstundadansnámi í dansstúdíóunum.

Að mörgu þyrfti að huga til þess að listdansnám á framhaldsstig á Akureyri yrði að veruleika. Hlúa þyrfti að danskennslu í leik- og grunnskólum svo fleiri nemendur hefðu sterkari grunn í listdansi og þekktu hann nægjanlega vel til þess að hafa forsendur að velja slíkt nám. Mennta- og menningarráðuneytið þyrfti að gefa út formlegt viðmið fyrir skilgreiningu á listdansskóla eins og gert hefur verið í tengslum við tónlistarskóla. Ráðuneytið og Akureyrarbær þyrftu að gera alvöru úr þeim samningi sem þeir gerðu sín á milli um eflingu menningar og lista á landsbyggðinni með því að leggja til fjármagn svo Verkmenntaskólinn geti sett á fót sviðslistalínu með dansi innanborðs á listnámsbraut sinni. Einnig til þess að annað eða bæði dansstúdíóin geti þróað starfsemi sína þannig að þau uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til listdansskóla meðal annars með því að ráða til sín menntaða listdanskennara. VMA og dansstúdíóin þyrftu að vinna saman að þessari uppbyggingu og gætu haft það skipulag og samstarf sem MH og LÍ hafa sín á milli til viðmiðunar við þessa framkvæmd. Leita þyrfti samstarfs við menningarhús á svæðinu vegna kennslu og sýningahalds til viðbótar við það húsnæði sem dansstúdíóin hafa yfir að ráða. Að öllum þessum skilyrðum uppfylltum ætti listdansnám á framhaldsstigi á Akureyri að geta orðið að veruleika rétt eins og á höfuðborgarsvæðinu. Reyndar er fjárhagsgrundvöllur listdansnáms á höfuðborgarsvæðinu líka í hættu. Horfa þarf fram á veginn og viðhalda og auka möguleika á listdansnámi á Íslandi öllu.

Heimildaskrá

Eva María Jónsdóttir ((2017). *Brautryðjendur – Dansað til manns* [sjónvarpsþáttur].

Ríkissjónvarpið. 25. Maí

Hjallastefnan. (e.d.). *Um okkur*. Sótt af <http://www2.hjalli.is/>

Hlíf Svavarsdóttir, Karen María Jónsdóttir og Unnar Hermannsson. (2015, desember). *Úttekt á listdansskólum á framhaldsstigi*. Sótt af

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=EEDE77897B3CF1D600257F9200599858&action=openDocument>

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). Sköpun:

Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía

Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands. (2016). *Viðurkenndar íþróttagreinar*. Sótt af

<http://www.isi.is/um-isi/vidurkenndar-ithrottagreinar>

Jóhanna Einarsdóttir. (2010). *Reynsla og nám barna*. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll

Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls.

57-72). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Katrín Gunnarsdóttir og Karen María Jónsdóttir. (2013). *Listdanskennsla á Íslandi: staða, umfang og framtíðarmöguleikar*. Sótt af:

http://www.dance.is/sm/u/m/fild_listdanskennsla_2013.pdf

Kristján Þór Magnússon, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Þórarinn Sveinsson og Erlingur Jóhannsson. (2011). Líkamshreyfing 9 og 15 ára íslenskra barna í ljós lýðheilsuþæknis. *Læknablaðið*, 97(2). Sótt af <http://www.laeknabladid.is/tolublod/2011/02/nr/4102>

Leik- og Dansstúdíó Alice. (e.d.-a). *Dansdeild*. Sótt af http://dsa.is/?page_id=41

Leik- og Dansstúdíó Alice. (e.d.-b). *Kennarar*. Sótt af http://dsa.is/?page_id=11

Leik- og Dansstúdíó Alice. (e.d.-c). *Um skólann*. Sótt af http://dsa.is/?page_id=9

Listaháskóli Íslands. (e.d.). *Um deildina*. Sótt af <http://www.lhi.is/um-deildina-3>

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Menntamálaráðuneytið. (2006a). *Aðalnámskrá listdansskóla: grunnám*. Reykjavík: Höfundur.

- Menntamálaráðuneytið. (2006b). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Kjörsvið á listnámsbraut: klassískur listdans, nútímalistdans*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Akureyrarbær. (2013). *Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Akureyrarbæ um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum*. Sótt af https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/mrn-og-akbaer-2013-2015.pdf
- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 13-41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sansom, A. N. (2011). *Movement and dance in young children's lives, crossing the divide*. New York: Peter Lang Publishing, Inc.
- Steps Dancecenter. (e.d.). *Skólanámskrá*. Akureyri: Steps Dancecenter.
- Stinson, S. W. (2016). Dance/teaching/research: The practice of living. Í Bresler, L. (ritstjóri), *Embodied curriculum theory and research in arts education: A dance scholar's search for meaning* (bls. 299 – 310). Sviss: Springer International Publishing.

Sveinn Einarsson. (1996, 18. febrúar). Lof dansins. *Morgunblaðið*, bls. 8.

UNESCO. (e.d.). International Dance Council. Sótt af <http://en.unesco.org/partnerships/non-governmental-organizations/international-dance-council>

UNESCO. (2006). Seoul Agenda: Goals for the Development of Arts Education. The Second World Conference on Arts Education. Sótt af http://webarchive.unesco.org/20160107115319/http://portal.unesco.org/culture/en/files/41117/12798106085Seoul_Agenda_Goals_for_the_Development_of_Arts_Education.pdf/Seoul%2BAgenda_Goals%2Bfor%2Bthe%2BDevelopment%2Bof%2BArts%2BEducation.pdf

Verkmenntaskólinn á Akureyri. (e.d.). *Verkmenntaskólinn á Akureyri*. Sótt af <https://www.vma.is/is/skolinn/kynning>

Verkmenntaskólinn á Akureyri. (2014). *Hlutverk*. Sótt af <https://www.vma.is/is/skolinn/synstefna-markmid/hlutverk>

Verkmenntaskólinn á Akureyri. (2016). *Listnáms- og hönnunarbraut - Textillína*. Sótt af https://www.vma.is/is/moya/page/listnams-og-honnunarbraut-textillina_1

